Hekluskógar - flokkun lands og tillögur um aðgerðir

Arna Björk Þorsteinsdóttir[1], Björgvin Ö. Eggertsson[2], Böðvar Guðmundsson[2,3,4], Garðar Þorfinnsson[1,2], Hreinn Óskarsson[2,5], Magnús H. Jóhannsson[1] og Ása L. Aradóttir[1,2]

[1]*Landgræðslu ríkisins,* [2]*Samráðsnefnd um Hekluskóga,* [3]*Skógræktarfélagi Árnesinga,* [4]*Suðurlandsskógum,* [5]*Skógrækt ríkisins*

Inngangur

Áætlað er að rúmlega 90 þúsund hektarar lands í nágrenni Heklu verði innan Hekluskógasvæðisins eða nálægt 1% af Íslandi. Stærsti hluti þess er austan Þjórsár í Rangárþingi ytra, um 83 þús. ha, en vestan árinnar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru um 10 þús. ha.

Við endurheimt Hekluskóga verður unnið að stöðvun sandfoks og uppgræðslu lands til að bæta skilyrði fyrir trjágróður. Birki, gulviðir og loðvíðir verða gróðursett í lundi á uppgræddum svæðum, þaðan sem gert er ráð fyrir að þessar tegundir muni sá sér út á nokkrum áratugum yfir allt svæðið. Þannig miða aðgerðir á svæðinu fyrst og fremst að því að örva gróðurframvindu, fremur en að um samfellda ræktun verði að ræða (Samráðsnefnd um Hekluskóga 2005; Ása L. Aradóttir o.fl. 2006).


Á vegum Samráðsnefndar um Hekluskóga hefur starfað vinnuhópur um áætlanagerð frá því í ágúst 2005. Hlutverk hópsins var að taka saman landupplýsingar og gera grófa áætlun um aðgerðir fyrir allt svæðið. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þeirrar vinnu. Frekari upplýsingar um Hekluskógaverkefnið er að finna í skýrslu Samráðsnefndar um Hekluskóga (2005) og á vefsíðu verkefnisins (www.hekluskogar.is).

Starfssvæði Hekluskóga

Landsvæði fyrirhugaðra Hekluskóga nær yfir alls 92.900 ha (1. mynd). Verkáætlunin sem hér er kynnt nær hinsvegar til 62.390 ha, sem eru öll svæði sem nú eru friðuð fyrir búfé ásamt því landi í einkaeign sem þarfnast landgræðslu (rúmlega 9.000 ha) samkvæmt flokkuninni sem lýst er hér að neðan. Ekki hafa farið fram formlegar viðræður við landeigendur um þátttöku þeirra í verkefninu, en líklegt má telja að margir þeirra vilji taka þátt í því og þess vegna nær áætlunin líka til rofsvæða í þeirra eigu.

Um 70% Hekluskógasvæðisins er nú lítið gróið og á helmingi þess er sandfok og mikið rof. Um 30% svæðisins er vel gróið land og vex víðir á helmingi þess en birki er sjaldgæfara þó að finna megi skógartorfur vaxnar birki.

Landgræðsla og skógrækt hefur verið stunduð víða um Hekluskógasvæðið. Melgresi hefur verið sáð í sandfokssvæði og hefur það bundið foksand, sáð sér víða út og sums staðar myndað melhóla. Aðrar tegundir hafa verið notaðar þar sem sandfok er minna, t.d. lúpína og ýmsar grastegundir, en í þeim sáningum hafa víða skapast ákjósanleg skilyrði fyrir trjáplöntur. Stærstur hluti Hekluskógasvæðisins er þó nánast gróðurlaus og þarfnast uppgræðslu til að stöðva sandfok og bæta lífskjör plantna. Á landi sem þessu er uppgræðsla forsenda skógræktar. Uppgræðslan stöðvar sandfok, eykur lífræn efni í jarðvegi og kemur af stað lífrænum og ólífrænum ferlum í jarðveginum.



1. mynd. Flokkun lands og aðgerðarflokkar á Hekluskógasvæðinu.

Kortlagning og flokkun lands

Hekluskógasvæðinu hefur verið skipt í nokkra flokka eftir virkni rofs og gróðurþekju. Við flokkunina var stuðst við kortlagningu Landgræðslunnar (frá 1998-2001) og Nytjalands (gróðurgreining gervitunglamyndar frá 1999). SPOT5 gervitunglamynd tekin árið 2003 var einnig notuð við flokkunina.

Hér er gerð grein fyrir einkennum svæðanna og þeim landgræðsluaðgerðum sem þarf að beita svo hægt verði að hefja gróðursetningu. Fyrirhugaðar aðgerðir taka mið af kortlagningu svæðisins auk þekkingar og reynslu þeirra aðila sem hafa unnið að verkefninu. Á lítt grónum svæðum þarf að hefja uppgræðslu þannig að hægt verið að gróðursetja birki og víði þegar sandfok hefur verið stöðvað. Á grónari svæðum er hægt að gróðursetja strax í trjálundi.

Lykilatriði er að aðgerðir leiði til framvindu skóg- eða kjarrlendis sem þurfi lítla eftirfylgni þegar fram í sækir. Þetta fæst með því að nota belgjurtir sem fóðra trjáplöntur og annan gróður með nitri sem þær binda úr andrúmslofti. Á þennan hátt má koma í veg fyrir margra ára endurtekna áburðargjöf.

Flokkun og aðgerðir

1) Lítt gróið land sem þarfnast uppgræðslu.

   a) Lítt gróið (gróðurþekja 0 – 33 %) og mikið sandfok (rofflokkar 4 – 5). 14.710 ha.

   Aðgerð: Gert er ráð fyrir að sá melgresi í 50% þessa lands. Þetta er gert sökum þess að sáningar melgresis eru mjög dýrar og fræframboð takmarkað. Einnig er talið að hinn hluti svæðisins sé ekki véltækur fyrir sáðvélar. Áburði verður hinsvegar dreift á þann hluta, því þegar fram líða stundir mun fræregn skila sér á þau svæði og mun áburðargjöf styrkja nýgræðinginn. Að 8-10 árum liðnum eftir melsáningar er gert ráð fyrir að hægt verði að gróðursetja birki, víði og belgjurtir í trjálundi.

   b) Lítt gróið (gróðurþekja 0 – 33 %), þar sem sandfok er minna en í flokki 1a (rofflokkar 1 - 3). 19.230 ha.

   Aðgerð: Grassáningar. Gert er ráð fyrir grassáningum í 75% lands sem flokkast á þennan hátt. Engar aðgerðir verði á um 25% þess þar sem landið er ekki fært vélum. Að 2-3 árum liðnum frá sáningu er gert ráð fyrir að svæðið verði tilbúið til gróðursetningar birkis, víðis og belgjurta í trjálundi.

2) Hálfgróið (gróðurþekja 34 – 66 %), rýrt land með litlu rofi (rofflokkar 1 - 3).

   a) Hálfgróið land þar sem áburðargjöf ein og sér gæti flýtt framvindu og sáningar taldar ónauðsynlegar. 7.890 ha.

   Aðgerð: Áburðargjöf í þrjú skipti. Gróður eflist og í kjölfarið verður unnt að gróðursetja birki, víði og belgjurtir í trjálundi. Í útreikningum er gert ráð fyrir að dreifa áburði með kastdreifara.

   b) Hálfgróið land þar sem hægt er án annarra aðgerða að gróðursetja birki og víði í lundi með aðstoð belgjurta. 3.590 ha.

3) Gamlar lúpínusáningar. Hér er gert ráð fyrir gróðursetningu víðis og birkis í trjálundi beint í lúpínusáningar. 4.280 ha.

4) Gróið land. 12.690 ha. Gert er ráð fyrir að gróðursetja annað hvort birki eða víði í 30% þess um 3.800 ha.

Gróðursetning í trjálundi

Gert er ráð fyrir 600 birkiplöntum og 100 víðistiklingum í hvern trjálund. Þar sem nota þarf belgjurtir líka, bætast 120 slíkar við. Samsetning trjálundanna ræðst af landgerðinni sem verið er að gróðursetja í.

Reiknað er með einum lundi á hvern hektara lands. Hafa ber þó í huga að einn lundur/ha er meðaltal, því lundirnir verða ekki með fyrirfram ákveðnu millibili heldur þar sem lífslíkur þykja bestar og hvar mestar líkur eru á góðri dreifingu fræs.

Annað

Að Samráðsnefnd um Hekluskóga standa landeigendur á Hekluskógasvæðinu, Skógræktarfélag Rangæinga, Skógræktarfélag Árnesinga, Landgræðslusjóður, Suðurlandsskógar, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Í vinnuhópi um áætlanagerð fyrir Hekluskógaverkefnið eru Arna Björk Þorsteinsdóttir (formaður), Garðar Þorfinnsson og Magnús H. Jóhannsson frá Landgræðslu ríkisins, Böðvar Guðmundsson frá Skógræktarfélagi Árnesinga og Suðurlandsskógum, Hreinn Óskarsson frá Skógrækt ríkisins og Ása L. Aradóttir frá Landgræðslu ríkisins fyrir hönd Samráðsnefndar um Hekluskóga. Björgvin Ö. Eggertsson (Samráðsnefnd um Hekluskóga) hefur einnig unnið með vinnuhópnum.

Vinnuhópurinn hefur gert kostnaðaráætlun um uppgræðslu Hekluskóga og er hana að finna í skýrslu Samráðsnefndar um Hekluskóga (2005) og á vefsíðu verkefnisins (www.hekluskogar.is). Í undirbúningi er tímaáætlun fyrir aðgerðir á Hekluskógum og nákvæm aðgerðaáætlun næstu ára.

Heimildir

Ása L. Aradóttir, Hreinn Óskarsson & Björgvin Ö. Eggertsson, 2006. Hekluskógar, forsendur og leiðir. *Fræðaþing landbúnaðarins 2006*: 253-256.

Samráðsnefnd um Hekluskóga 2005. Hekluskógar. Endurheimt skóglenda í nágrenni Heklu. Skýrsla unnin á vegum samráðsnefndar um Hekluskóga, október 2005. Gunnarsholti, Selfossi og Reykjavík. (http://www.hekluskogar.is/ritadefni.htm).